

Alþingi

Erindi nr. P/138/2402

komudagur 18.5.2010

Alþingi - Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. maí 2010  
Tilvísun: UST20100400150/ki

### Umsögn - Frumvarp til laga um hvali, 138. löggjafarþing, 590. mál.

Með tölvubréfi, dags. 30. apríl 2009, sendi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um hvali, 112. mál.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins segir að markmið laganna sé að stuðla að verndun hvala samhliða hagkvæmri og sjálfbærri nýtingu hvalastofna. Ekki eru þó í frumvarpinu efnisákvæði um vernd hvala svo sem um verndarstöðu né skilgreining á verndun. Til samanburðar má nefna að í lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, er tekið fram að villt dýr, þar með talin þau sem koma reglulega eða kunna að berast til landsins, séu friðuð nema annað sé tekið fram í lögnum, sbr. 6. gr. laganna. Þar með er kveðið á um verndarstöðu viðkomandi tegunda. Friðun er ennfremur skilgreind og er samkvæmt lögnum bann við veiðum og öðrum aðgerðum sem geta aukið vanhöld eða dregið úr viðkomu dýra af tiltekinni tegund. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar sbr. 1. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1994 taka ákvæði þeirra laga hvorki til hvala né sela þar sem um þær tegundir gilda sérstök lög. Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir að breyting verði á þessu.

Umhverfisstofnun leggur til að verndarákvæði verði bætt við frumvarpið. T.d. "Hvalir, þar með talin þeir sem koma reglulega eða kunna að berast til landsins, eru verndaðir nema annað sé tekið fram í lögum þessum". Ennfremur verði hugtakið „vernd“ skilgreint í lögnum.

2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins segir að lögini gildi um veiðar íslenskra skipa á hvölum innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Að mati Umhverfisstofnunar færi betur á að nota orðið "fiskveiðilandhelgi" í stað orðsins "fiskveiðilögsögu" þar sem það hugtak er skilgreint í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Jafnframt mætti bæta við skilgreiningu á fiskveiðilandhelgi: "Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu

Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn”.

3. gr.

Í 3. gr. mætti bæta við að meðferð úrgangs frá vinnslu hvalkjöts fari eftir lögum og reglum um meðhöndlun úrgangs.

4. gr.

Ekki eru í frumvarpinu skilgreiningar á lykilhugtökum s.s. „veiðar“ og „föngun“ sbr. 4. gr. Að mati stofnunarinnar þyrfti að bæta úr þessu þar sem reikna má að á þessi hugtök reyni. Stofnunin telur ekki nægilegt að fram komi skilgreiningar á lykilhugtökum í athugasemdum. Í þessu sambandi má benda á að reynt getur á hvort hugtökin „veiðar“ og „föngun“ séu sama hugtakið, tvö ólík hugtök eða annað hugtakið hluti af hinu þegar meta á gildissvið frumvarpsins. Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins taka þau til veiða á hvölum, en ekki er minnst á föngun hvala. Í lögum nr. 64/1994 er hugtakið „veiðar“ skilgreint sem að handsama eða drepa villt dýr og því telst handsömun/föngun vera veiðar samkvæmt lögnum. Að mati stofnunarinnar færi því betur á að skýra gildissvið frumvarpsins.

Í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins segir að allar veiðar á hval séu bannaðar án sérstaks leyfis Fiskistofu. Veiðar á smáhvölum skulu þó aðeins háðar leyfi Fiskistofu að þær séu stundaðar í atvinnuskyni. Með því að tekið er fram að veiðar á smáhvölum skuli ekki háðar leyfi nema þær séu stundaðar í atvinnuskyni virðist dregið úr vernd þar sem í 1. gr. gildandi laga um hvalveiðar, nr. 26/1949, segir að rétt til að stunda hvalveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, hafi þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Í athugasemdum með 4. gr. segir hins vegar að veiðar á smáhvölum hafi ekki verið háðar sérstökum leyfum. Þarna er nokkur óskýrleiki sem bæta þyrfti úr.

Umhverfisstofnun leggur til að allar hvalveiðar skuli vera háðar leyfi Fiskistofu enda myndi slíkt stuðla enn frekar að veiðarnar væru stundaðar á ábyrgan og sjálfbæran hátt líkt og meginforsendan frumvarpsins er, sbr. almennar athugasemdir með frumvarpinu. Með því móti gæti sjávar- og landbúnaðarráðherra ráðið því hvort hvalveiðar séu stundaðar og í hve miklum mæli það er gert.

Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra geti leyft föngun hvala. Að mati Umhverfisstofnunar vantar nánari fyrirmæli um hvernig skuli standa að slíkri framkvæmd, m.a. m.t.t. dýravelferðar, hvaða skilyrðum slík leyfi yrðu háð og hvaða reglur eigi að gilda við vörslu hvala á landi.

7. gr.

Í 2. mgr. 7. gr. segir að ráðherra setji ítarlegar reglur um veiðiútbúnað og veiðiaðferðir við veiðar á einstökum hvalategundum og skuli þær reglur aldrei ganga skemur en reglur sem settar hafa verið í alþjóðlegum samþykktum um það efni, enda sé Ísland aðili að þeim. Umhverfisstofnun telur rétt að útfærðar verði reglur um veiðiútbúnað og veiðiaðferðir inn í frumvarpstextann. Til samanburðar má geta þess að í 9. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, eru ítarlegar reglur um veiðitæki og annan útbúnað við veiðar.

8. gr.


Í 8. gr. segir í auglýsingu Fiskistofu skuli koma fram að upplýsingar m.a. um þátttöku í


viðurkenndu námskeiði í meðferð skutulbyssa og sprengiskutla og í aflífunaraðferðum við hvalveiðar. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að kveða nánar á um hvaða kröfur eru gerðar til slíks námskeiðs, hverjum bæri að halda slíkt námskeið og gjaldtökuheimild ef gert er ráð fyrir að námskeiðið verði á vegum opinberrar stofnunar.

11. gr.

Í 11. gr. segir að ráðherra hafi heimild til að leyfa veiðar á hvölum í vísindalegu augnamiði. Að mati Umhverfisstofnunar er þessi heimild of opin og það ætti að takmarka þessa heimild t.d. eins og gert er í 13. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þannig mætti t.d. tilgreina viðmið um hvað teljist vera vísindalegt augnamið.

Virðingarfyllt

  
Kristin L. Arnadóttir  
Förstjóri

  
Sigrún Agústs dóttir  
sviðsstjóri

